

Fundargerð, stjórnarfundar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, haldinn miðvikudaginn 20. desember kl 12.00 með aðstoð síma. Mætt voru Andrea K Jónsdóttir, formaður, Gísli Halldór Halldórsson, Indriði Indriðason og Pétur G Markan. Formaður kynnti að Ingibjörg Birna Erlingsdóttir hefði boðað forföll og í hennar stað sæti fundinn Daníel Jakobsson. Einnig sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri. Aðalsteinn ritaði fundargerð.

1. Fundargerð 13. nóvember 2017. Fundargerð 13. nóvember 2017 var áður kynnt með tölvupósti en óskast nú staðfest. Formaður gerði tillögu um að staðfesta fundargerð. Tillagan samþykkt.

Formaður gerði tillögu um að taka á dagskrá fundargerð 65. fundar verkefnahóps dags 19. desember 2017. Tillagan samþykkt.

2. Fundargerð verkefnahóps nr 65.

Lögð fram 65. fundargerð verkefnahóps BsVest. Á dagskrá fundarins var;

- tillaga um aukin framlög vegna þjónustu við þjónustuþega.
- umfjöllun um fjárhagsáætlun 2018. Verkefnahópur leggur til við stjórn að samþykkja áætlunina einnig kemur fram að verulegur árangur hefur náðst í rekstri Ísafjarðarbæjar
- umræða um hugmyndir að breyttu fyrirkomulag á starfsemi skrifstofu BsVest með fastri viðveru verkefnastjóra BsVest á skrifstofum félagsþjónustuvæðanna.

3. Fjárhagsáætlun 2018.

Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri lögðu fram fjárhagsáætlun 2018 sem byggir á áætlunum félagsþjónustuvæða og rekstri skrifstofu, með áætluninni eru lagðar fram greinargerðir félagsþjónustuvæðanna.

Áætlunin er sem hér segir;

Áætlun sveitarfélaga 2018		
Ísafjarðarbær		
stjórn/ráðgjöf	33.712.739 kr.	8,3%
Stuðningsfjölskyldur	2.016.000 kr.	0,5%
Frekari liðveisla	43.744.510 kr.	10,7%
Skammtíamavistun	35.942.853 kr.	8,8%
Hvesta	47.877.364 kr.	11,8%
Sindragata		0,0%
Sindragata	91.579.121 kr.	22,5%
Fjarðarstræti	62.061.891 kr.	15,2%
Pollgata	89.034.268 kr.	21,9%
Auka kostnaður	1.200.000 kr.	0,3%
<i>Þar af búseta samtals..</i>	<i>242.675.280 kr.</i>	
		100,0%

samtals:		407.168.746 kr.	79,2%
Umsýslukostnaður	3,0%	12.215.062 kr.	
		419.383.808 kr.	81,6%

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps

Stjórnun - ráðgjöf		5.632.588 kr.	9,8%
stuðningsfjölskyldur		4.567.200 kr.	8,0%
Frekari liðveisla		6.747.012 kr.	11,8%
búseta		40.416.793 kr.	70,5%
Annar kostnaður			

samtals:		57.363.593 kr.	11,2%
umsýslukostnaður	3,0%	1.720.908 kr.	
samtals með umsýslukostn		59.084.501 kr.	11,5%

Félagsþjónustan við Djúp.

stjórnun- ráðgjöf		2.980.319 kr.	22,2%
stuðningsfjölskyldur		2.095.800 kr.	15,6%
frekari liðveisla		1.630.133 kr.	12,2%
annar kostnaður		6.689.043 kr.	49,9%
			100,0%

samtals:		13.395.295 kr.	2,6%
umsýslukostnaður	3,0%	401.859 kr.	
samtals með umsýslukostn		13.797.154 kr.	2,7%

Félagþjónusta Vestur Barðastrandasýslu (ekki skilað inn en miðað við 2017)

stjórnun- ráðgjöf		3.744.821 kr.	67,7%
Skammtíamavistun			0,0%
Stuðningsfjölskyldur		1.000.000 kr.	18,1%
Frekari liðveisla		783.273 kr.	14,2%
			100,0%

samtals:		5.528.094 kr.	1,1%
umsýslukostnaður	3,0%	165.843 kr.	
samtals með umsýslukostn		5.693.937 kr.	1,1%

Rekstur skrifstofu.

Laun og launatengd gjöld		11.900.000 kr.	73,1%
Annar skrifstofukostnaður		1.481.000 kr.	9,1%
námskostn/tækjakaupa		500.000 kr.	3,1%
Starfsdagur, námskeið o.fl		400.000 kr.	2,5%
umsjón FV		1.000.000 kr.	6,1%
Bókh. Endurskoðurn		1.000.000 kr.	6,1%
samtals		16.281.000 kr.	3,2%

Vesturafll

Varasjóður		3,2%
Samtals félagsþj. og BsVest	514.240.400 kr.	100%
Framlag Jöfnunarsjóðs	404.539.000 kr.	
Almenn framlög sveitarfélaga	68.081.000 kr.	
Samtals framlög	472.620.000 kr.	
Mismunur	-41.620.400 kr.	

Rætt um forsendur fjárhagsáætlunar,

- Liður Pollgata. Rætt um að fært er á rekstur framkvæmdakostnað við lyftu og breytingar á skammtí mavistun, samtals um 15 mkr. Samþykkt var áður að lagt yrði í þessa framkvæmd enda fylgdi henni hagræði í rekstri og þjónustu. Ekki er gerð athugasemd við framkvæmdakostnað en gerð athugasemd við að færa hann allan á rekstur ársins 2018.

Formaður gerði að tillögu; að leita álits endurskoðenda BsVest hvernig eigi að eignfæra þessa framkvæmd í efnahagsreikningi BsVest og tillögu um afskriftartíma. Tillagan samþykkt.

- Liður rekstur skrifstofu. Óskað eftir stjórn verði sendar rekstrar forsendur á launum stjórnar og starfsmanna.
- Stjórnunarkostnaður. Kynnt tillaga BsVest að forsendum launa félagsmálastjóra og proskapjálfa í fjárhagsáætlun. Tillagan samþykkt.

Formaður gerði tillögu; verkefnastjóra falið í samvinnu við félagsþjónustusvæðin að greina rekstrarliði skrifstofa félagsþjónustusvæða og gera tillögu um samræmingu á rekstarkostnaði.

- Óskað eftir að fá samanburð áætlunarinnar við ársreikning fyrir árið 2016.

Formaður gerði tillögu um að afgreiða fjárhagsáætlun samkvæmt framlagðir tillögu. Rætt um tillögu formanns og gerð eftirfarandi bókun.

Fjárhagsáætlun Byggðasamlags Vestfjarða málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2018 er afgreidd með neikvæðri rekstarniðurstöðu að fjárhæð 26,6 mkr. Framkvæmdakostnaður við Pollgötu verði eignfærður og afskrifaður á lengri tíma. Samþykkt þessi er sett fram með fyrirvara um að áætlunin verði endurskoðuð í samráði við endurskoðenda. Endurskoðuð áætlun verði lögð fyrir stjórn eigi síðar en í lok janúar.

Stjórn samþykkir einnig að mótuð tillaga að verklagsreglum hvernig haga skuli samráði BsVest og aðildarsveitarfélaga um gerð fjárhagsáætlana m.a. forsendur gjalda og tekjuliða og tímasetningar um upphaf og lok vinnu.

4. Bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 14. desember 2017 um úrsögn úr BsVest.

Kynntur 9. liður fundargerðar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 14. desember 2017, um samþykki á úrsögn úr BsVest. Kynnt að formlegt erindi verður lagt fyrir næsta ársfund BsVest. Rætt um efni máls og formanni falið að kalla til fundar framkvæmdastjóra sveitarfélaga sem eiga aðild að Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks og velja dagsetningu og fundarstað.

5. Önnur mál.

Metin verði áhrif nýrra Persónuverndarlaga á starfsemi BsVest og greinargerð lögð fyrir næsta stjórnarfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.45